

## Kjarasamningur

milli

### SFR – Stéttarfélags í almannajónustu og Samtaka atvinnulífsins vegna RARIK ohf.

Kjarasamningur SFR – Stéttarfélags í almannajónustu og Samtaka atvinnulífsins vegna RARIK ohf. framlengist með svofelldum breytingum:

#### 1. gr.

Hinn 1. febrúar 2014 skulu laun og launataxtar hækka um 2,8%, þó að lágmarki kr. 8.000 á mánuði fyrir dagvinnu miðað við fullt starf. Aðrir kjaratengdir liðir hækka um 2,8% á sama tíma. Launataxtar undir kr. 230.000 hækka aukalega um kr. 1.750.

Í stað launabreytinga frá 1. janúar 2014 greiðist sérstök eingreiðsla, kr. 14.600 m.v. fullt starf, enda hafi starfsmaður starfað í janúar og var enn í starfi 1. febrúar 2014.

#### 2. gr.

Orlofsuppbót fyrir orlofsárið sem hefst 1. maí 2014 miðað við fullt starf á árinu 2014 verður kr. 39.500.

Desemberuppbót miðað við fullt starf er á árinu 2014 kr. 73.600.

Hækkun framlags til starfsmenntasjóðs um 0,1% kemur til framkvæmda frá 1. febrúar 2014 að telja.

#### 3. gr.

Um undirbúning og aðgerðir vegna endurnýjunar kjarasamnings þessa fer eftir ákvæðum „aðfararsamnings“ í kjarasamningi SA og aðildarfélaga ASÍ frá 21. desember 2013.

#### 4. gr.

Samningurinn gildir til 28. febrúar 2015 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

Reykjavík, 28. Apríl 2014

F.h. SFR

*Auri S. Jónsson*  
*Ósvald Halldór*  
*Sigrún J.*  
*Ólafur Hara*

F.h. Samtaka atvinnulífsins  
v. RARIK ohf.

*Þósta Magnússon*  
*Ósvald Halldór*  
*10 apr 14*

### Yfirlýsing

SFR hefur lýst áhyggjum af launamun sem felst í því að heildarlaun kvenkyns félagsmanna hjá RARIK eru nokkuð lægri en heildarlaun karla. RARIK lýsir sig reiðubúið til að veita nánari upplýsingar í samstarfsnefnd um ákvörðun launa og leita leiða til að jafna laun komi í ljós að óútskýrður launamunur sé til staðar.

Reykjavík, 28. Apríl 2014

PM